

Ræða formanns Landssambands íslenskra útvegsmanna, Adolfs Guðmundssonar, á aðalfundi 29. október 2009.

Góðir fundarmenn.

Þegar ég tók við formennsku í stjórn Landssambands íslenskra útvegsmanna fyrir réttu ári vorum við enn í losti eftir þær hamfarir, sem leiddu til hruns stóru viðskiptabankanna þriggja og skóku undirstöður íslensks efnahagslífs.

Við höfum í áraraðir barist gegn óþolandi mismunun, þar sem ákveðnum hópum er hyglað á kostnað annarra í formi byggðakvóta, línuívilnunar og tilfærslu aflaheimilda til smábáta, nú síðast með strandveiðum. Þar var 4.000 tonnum, að langmestu leyti þorski, úthlutað til pólitískra atkvæðaveiða á sama tíma og aflaheimildir atvinnuútgerða og sjómanna voru skertar um 62.000 tonn af botnfiski.

Nú stöndum við andspænis þeirri staðreynd að ríkisstjórnin setti í samstarfsyfirlýsingu sína áform um upptöku aflaheimilda án þess að kanna afleiðingar þeirra. Það eru ekki ábyrg vinnubrögð að kasta fram óútfærðum hugmyndum af þessum toga. Þetta hefur þegar valdið tjóni vegna þeirrar óvissu sem hefur skapast. Ef þessar hugmyndir ná fram að ganga mun það valda fjöldagjaldþroti í sjávarútvegi með tilheyrandi kollsteypu í íslensku efnahagslífi.

Til þessa hafa stjórnvöld ekki hlustað á rök þeirra, sem mæla gegn því feigðarflani sem upptökuleiðin er. Þau hafa ekki enn tekið tillit til viðamikillar úttektar endurskoðunarfyrirtækisins Deloitte, sem sýnir svart á hvítu að upptökuleiðin knýr flest útgerðarfyrirtæki landsins í gjaldþrot á nokkrum árum. Stjórnvöld hafa heldur ekki hlustað á rök viðskiptabankanna, sem hafa bent á að upptökuleiðin muni ekki aðeins setja sjávarútvegsfyrirtækin í þrot, heldur mjög líklega leiða til gjaldþrots bankanna sjálfra. Þaðan af síður hafa þau hlustað á rök fjölda sveitarfélaga um allt land, sem hafa ályktað gegn þessum áformum. Sveitarstjórnarfolk skynjar feigðina í þessum hugmyndum.

Í sumar skipaði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra starfshóp til að endurskoða fiskveiðistjórnina. Þar leggjum við okkar af mörkum til að koma málefnum sjávarútvegsins í þann farveg, að áfram verði horft til heildarhagsmuna þjóðarinnar við nýtingu auðlinda. Ég leyfi mér að bera þá von í brjósti að stjórnvöld sjái ljósið áður en yfir lýkur og hverfi frá þessum hugmyndum áður en þær valda enn frekarar tjóni en orðið er.

Tilurð kvótakerfisins

Það er full ástæða til þess að velta því upp hér hvort núverandi stjórnvöldum sé yfirhöfuð kunnugt um ástæður þess að tekin var upp markviss fiskveiðistjórnun á Íslandi. Aflamarkskerfinu – kvótakerfinu – var komið á með tvö meginmarkmið að leiðarljósi; að ná hámarks arðsemi út úr auðlindinni og vernda jafnframt fiskistofnana.

Mig langar að rifja þetta upp í örstuttu máli enda ekki vanþörf á. Upphaf umræðunnar má rekja til útkomu hinnar svokölluðu „svörtu skýrslu“ Hafrannsóknarstofnunar um þorsstofninn árið 1975. Þar sagði að útlit væri fyrir verulegan viðkomubrest ef ekki yrði gripið til nauðsynlegra ráðstafana.

Í framhaldi var „skrapdagakerfinu“ komið á 1977. Þar mátti hlutfall þorsks hjá togurum ekki fara upp fyrir ákveðið hlutfall af aflu tiltekna daga á ári. Að öðru leyti voru veiðar frjálsar og þrátt fyrir tillögu Hafrannsóknarstofnunar um 275 þúsund tonna þorskveiði þetta ár varð aflinn 340 þúsund tonn þegar upp var staðið. Sóknarþungi jókst áfram og náði þorskveiðin hámarki árið 1981 þegar veidd voru rúm 460 þúsund tonn. Þrátt fyrir þessa miklu veiði fór afkoma útgerðar stöðugt versandi. Á annað hundrað skuttogarar höfðu bæst við flotann sem hluti af stefnu stjórnvalda í atvinnu- og byggðamálum.

Augljóst var að frjáls aðgangur að auðlindinni skilaði ekki þeim markmiðum sem stjórnvöld settu sér við nýtingu hennar. Eftir að kvótakerfinu var komið á og sérstaklega með tilkomu frjálsa framsalsins 1991 tók við mikið umbyltingarskeið í íslenskum sjávarútvegi. Viðvarandi taprekstur vék fyrir hagræðingu og arðsemi. Það er á grundvelli þessarar umbyltingar að stærstur hluti íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja mun standa af sér þær hamfarir sem á þeim hafa dunið á undanfögnu.

Neikvæð umræða

Ágætu fundarmenn. Allan síðasta vetur máttu útvegsmenn sitja undir linnulausri, óvilhallri og stundum rættinni umræðu um meint yfirvofandi gjaldþrot atvinnugreinarinnar. Enginn deilir um að skuldir sjávarútvegsins hafi aukist mikið. Þær voru í árslok 2007 alls 324 milljarðar króna, sem var þó aðeins um 2% af heildarskuldum íslenskra fyrirtækja í lok þess árs. Eftir gengishrun krónunnar eru skuldinar í dag í kringum 550 milljarða króna.

Umræðan snerist líka um hina svokölluðu gjaldmiðlasamninga. Þar var sjávarútvegsfyrirtækjunum borin á brýn óábyrg spákaupmennska. Heildarupphæð þeirra samninga hefur verið reiknuð upp í um 35 milljarða króna en ég tel að raunveruleg krafa sé lítil vegna forsendubrests.

Þetta eru vissulega háar upphæðir, um það er ekki deilt. En þær fá á sig annan blæ þegar þær eru settar í samhengi við 15.685 milljarða heildarskuldir íslenskra fyrirtækja í lok ársins 2007. Þar af námu skuldir fjármálafyrirtækja tíu þúsund milljörðum króna.

Þótt skuldir sjávarútvegsins séu fremur litlar í heildarsamhengi hlutanna er engin ástæða til þess að víkja sér undan þeirri staðreynd að sumir okkar fóru of geyst. Skerðing aflaheimilda samfara of sterki krónu um margra ár skeið olli útgerðarfyrirtækjum verulegum búsjfjum. Stærstur hluti skuldaaukningar sjávarútvegsins varð til vegna samruna fyrirtækja og kaupa á aflaheimildum á tímabili, þar sem ódýrt lánsfé streymdi inn á markaðinn og kynti undir þenslu á öllum sviðum. Afleiðingarnar eru öllum ljósar.

Mér hefur orðið tíðrætt um neikvæða umræðu um sjávarútveginn. En nú er það ekki lengur dómstóll götunnar sem kveður upp þyngstu dómana heldur velferðarráðherrann í ríkisstjórn Íslands. Yfirlýsingar hans hafa ekki aðeins afhjúpað þekkingarleysi hans heldur hafa þær undirstrikað hroka og fyrirlitningu í garð þess fólks sem starfar við grundvallaratvinnuvegi landsins.

Þá kvað við nýjan tón í ræðu forseta ASÍ þegar hann stóð á þessum sama stað í síðustu viku. Hann sagði m.a. í ræðu sinni:

„Ég hef aldrei getað sætt mig við þá fullyrðingu að sjávarútvegur og landbúnaður geti ekki verið uppspretta hagvaxtar og nýrra starfa hér á landi ... Við eigum að bjóða ungum útgerðarmönnum og bændum til samræðu við okkur, samræðu um tækifæri morgundagsins í stað þess að leyfa þeim sem eru fastir í viðjum vanans – í fortíðinni – að ráða ferð ... Við megum ekki láta þrönga hagsmuni talsmanna núverandi fyrirtækja vera ráðandi – við eigum að leggja grunn að nýrri þróun með nýjum fyrirtækjum sem hafa þrótt og vilja til að mæta nýjum áskorunum og fjölga störfum um land allt.“

Kæru félagar, sér einhver glitta í roðann í austri í þessum orðum?

Erfitt rekstrarumhverfi

Allt frá því bankakerfið hrundi með tilheyrandi erfiðleikum fyrir íslenskt samfélag hafa verkefnin sem við höfum staðið frammi fyrir verið margvísleg. Við búum við víðtæk og

Íþyngjandi gjaldeyrishöft og bankakerfið hefur verið laskað. Greiðslur fyrir sölu afurða erlendis skiluðu sér seint og illa framan af ári vegna áhrifa af hryðjuverkalögum Breta. Þetta skapaði mikla og óskiljanlega tortryggni í garð útflutningsatvinnuvega þegar greiðsluflæði milli Íslands og útlanda stöðvaðist um tíma. Þrátt fyrir mikla erfiðleika í bankakerfinu tókst að halda greiðslumiðlun innanlands í skorðum.

Gengi krónunar hefur lækkað að meðaltali um 24% milli ára með tilheyrandi hækkun skulda í krónum. Verðbólga hefur verið 9,7% síðustu tólf mánuði og aðföng og ýmis gjöld hækkað mikið. Vextir eru enn allt of háir og dregist hefur úr hömlu að lækka þá. Gasolíuverð er gríðarlega hátt í sögulegu samhengi og nú stendur tonnið í um 560 dollurum á Rotterdammarkaði.

Verð á sjávarafurðum hefur lækkað á milli ára í erlendri mynt en gengisfall krónunnar hefur mildað áhrifin af þessari lækkun. Afurðaverðið hefur heldur verið að styrkjast að nýju og eftirspurn að vaxa.

Veiðigjaldið leggst nú á atvinnugreinina af fullum þunga þrátt fyrir niðurskurð aflaheimilda. Það nemur 9,5% af reiknaðri framlegð útgerðarinnar.

Þetta er það rekstrarumhverfi sem blasir við íslenskum sjávarútvegi haustið 2009.

Umsókn um aðild að ESB

Ríkisstjórnin hefur sent beiðni um inngöngu í Evrópusambandið. Aðildarviðræður munu væntanlega hefjast snemma á komandi ári.

Við höfum staðfastlega lýst andstöðu okkar við hugmyndir um inngöngu í ESB allt frá því sú umræða hófst. Afstaða okkar byggir á þeim grundvallarsjónarmiðum að Íslendingar fari einir með forræði yfir fiskimiðunum, hafi samningsforræði við skiptingu veiðiréttar úr deilistofnum og tali eigin máli á vettvangi alþjóðastofnana. Mikilvægt er að tryggja að arður af nýtingu auðlinda skili sér til íslensks samfélags.

Það er afstaða okkar Íslendinga að ábyrgð á stjórnun fiskveiða eigi að vera í höndum okkar sem mestra hagsmuna eigum að gæta og ákvarðanirnar varða með beinum hætti. Með aðild að ESB yrði lagasetningarvaldið varðandi sjávarútvegsmál framselt frá Alþingi Íslendinga til Evrópusambandsins. Værum við aðilar að Evrópusambandinu hefðum við óverulegt vægi við ákvarðanatöku um þessi mikilvægu mál.

Ég er þess fullviss að þjóðin mun aldrei samþykkja aðildarsamning sem felur í sér afsal á yfirráðum yfir fiskveiðiauðlindinni.

Góðir fundarmenn.

Íslenska sumargotssíldin er gott dæmi um stofn sem hefur verið nýttur skynsamlega og hóflega allt frá því að hrun varð í stofninum fyrir fjörutíu árum. Undanfarna tvo áratugi hefur stofninn gefið góðan aflu og vaxandi verðmæti í þjóðarbúið. Síðastliðið haust varð vart við sýkinu í stofninum og er þar á ferðinni einfrumu dýr sem nefnist *Ichthyophonus*.

Rétt er að taka fram að sýkillinn er með öllu skaðlaus mönnum. En þar sem talið er að sýking sé ávallt banvæn fyrir síldina og sýkingartíðni er há felur þetta í sér mikil afföll í stofninum. Í ljósi affalla og óvissu um framvindu sýkingar var ákveðið að fresta ráðgjöf um aflamark þangað til frekari mælingar lægju fyrir. Nú standa yfir umfangsmiklar rannsóknir á síldinni í góðu samstarfi sjávarútvegsráðuneytisins, Hafrannsóknastofnunar, sjómanna og útgerða uppsjávarveiðiskipa. Úthlutun aflamarks veltur á því að sýkingartíðnin reynist lág og að hrygningarstofninn haldist yfir varúðarmörkum. Ekki þarf að orðlengja að þessi óvissa um veiðimöguleika í vetur kemur sér mjög illa.

Makrill

Gríðarlegt og vaxandi magn makrils hefur haldið til í íslenskri fiskveiðilögsögu undanfarin sumur. Útbreiðsla þessa stofns hefur verið að færast norðar og vestar og er nú svo komið að lítið er af makríl á hefðbundinni veiðislóð í Norðursjó og við Noreg.

Makrílveiðar okkar hafa gengið vel og magnið farið hratt vaxandi með árunum. Í fyrra varð aflinn 112 þúsund tonn og í ár voru veidd um 116 þúsund tonn. Því miður tókst ekki vel til um veiðistjórn okkar og mikið kapphlaup varð um aflann. Þetta leiddi til þess að mikil verðmæti fóru forgörðum við veiðar á makríl og norsk-íslenskri síld. Ísland hefur samfellt um tíu ára skeið farið þess á leit að fá viðurkenningu á stöðu sinni sem strandríki og rétti til þátttöku í samningum um makrílveiðar. Þetta hafa önnur ríki sem þessar veiðar stunda ekki viljað taka í mál þrátt fyrir ótvíræðan rétt okkar. Það er grafalvarlegt mál að aðrir aðilar í þessum veiðum skuli neita að setjast að sameiginlegu samningaborði

strandríkja um þennan deilistofn. Við þessar aðstæður er það hárrétt ákvörðun sjávarútvegsráðherra að setja okkur einhliða makrílkvóta fyrir næsta ár. Ef við værum í Evrópusambandinu þá ættum við það m.a. undir Bretum og Hollendingum hvað við mættum veiða mikinn makríl í íslensku lögsögunni. Finnst mönnum líklegt að þeir gæfu mikið eftir af sínum hlut.

Loðna

Mikil óvissa er um loðnuvertíðina framundan eins og reyndar hefur gilt um síðustu loðnuvertíðir. Bæði er að útbreiðsla loðnunnar hefur breyst með þeim hætti að ungvíðið heldur sig að stórum hluta utan hefðbundinnar slóðar á landgrunninu og eins virðist sem stofninn sé minni en oft áður. Ákvörðun um upphafskvóta vertíðar byggir oftast á mælingum á ókynþroska loðnu haustið áður, einkum eins árs loðnu. Þar sem mjög lítið mældist af ókynþroska loðnu haustið 2008 taldi Hafrannsóknastofnunin ekki forsendur til þess að leggja til upphafsafli fyrir vertíðina 2009/2010. Undanfarin ár hefur verið öflugt og gott samstarf sjómanna og útgerða, sjávarútvegsráðuneytisins og Hafrannsóknastofnunar um loðnuleit og loðnumælingar. Svo verður einnig á komandi vetri og er vonin sú að nægilegt magn loðnu finnist og mælist til að unnt verði að heimila veiðar. Reynslan hefur sýnt að nauðsynlegt er að fylgjast vel með loðnugöngum allt til þess að loðnan hefur lokið hrygningu.

Mikilvægi loðnunnar er bæði til veiða og ekki síður sem feitt fæði fyrir helstu stofna botnfiska. Meðalþyngd eftir aldri hjá þorski, ýsu og ufsa er nú með lægsta móti. Besta vonin til þess að þessir stofnar geti gefið meira af sér liggur annars vegar í góðri nýliðun og hins vegar í auknu magni loðnu. Þannig gæti þorskurinn aukið þyngd sína verulega á stuttum tíma. Við eigum því mikið undir því að loðnustofninn eflist og útbreiðsla hans færist í fyrra horf.

Þorskur

Stærð veiðistofns þorsks í ársbyrjun er metin um 700 þúsund tonn. Er þetta um það bil helmingur af þeirri stofnstærð sem talin er hagkvæmust. Það er einkum tvennt sem veldur því að þorskstofninn er ekki stærri en raun ber vitni. Annars vegar hafa 7 árgangar í röð – árgangar árána 2001-2007 – reynst ýmist lélegir eða mjög lélegir og hins vegar er meðalþyngd þorsks eftir aldri lægri en oftast áður. Hrygningarstofn þorsks er metinn um 220 þúsund tonn, sem er nærri þeirri lágmarksstærð sem talin er nauðsynleg til að gefa góðar líkur á góðri nýliðun. Hrygningarstofninn hefur farið stækkandi ef litið er yfir nokkurra ára tímabil og líkur eru á framhaldi þeirrar þróunar ef fylgt er hófsamri nýtingarstefnu. Þetta vekur vonir um að nýliðunarárgangar geti orðið stærri. Fyrstu mælingar benda til þess að árgangur ársins 2008 sé sterkur. Þessi árgangur bætist í veiðistofninn árið 2012. Vonandi fáum við fleiri slíka árganga með stækkandi hrygningarstofni.

Árið 2007 var ákveðið að minnka aflamark í þorski úr 193 þúsund tonnum í 130 þúsund tonn. Við töldum að þetta væri allt of grófur niðurskurður og lögðum til að aflamarkið yrði 155-160 þúsund tonn. Við teljum enn að aflamarkið sé of lágt og að engin áhætta hefði verið tekin með 160 þúsund tonna aflamarki í ár.

Skerðing bolfisks

Á þessu fiskveiðiári nemur skerðing aflamarks frá fyrra ári í þremur mikilvægustu tegundum þorskfiska – þorski, ýsu og ufsa – samtals 55 þúsund tonnum. Þetta skapar útgerðunum þrönga stöðu í veiðunum.

Kjarasamningar

Um síðustu áramót var gengið frá kjarasamningum við sjómenn næstu tvö árin eða til 1. janúar 2011. Samskipti við stéttarfélög sjómanna hafa almennt gengið vel fyrir sig og er það mikil og jákvæð breyting frá miklu átakatímabili í byrjun þessarar aldar.

Stöðugleikasáttmáli sem aðilar vinnumarkaðarins og ríkisstjórnin undirrituðu í júní á þessu ári hefur verið til endurskoðunar síðustu vikur. Fyrir liggur að mikið vantar á að ríkisvaldið hafi staðið við sinn hluta samkomulagsins. Stýrivextir eru enn allt of háir og fátt sem bendir til þess að gjaldeyrishöft verði afnumin í bráð. Miklu skipti að í vikunni tókst að komast hjá átökum á vinnumarkaði. Þar var stigið mikilvægt skref til þess að koma þjóðarskútunni á réttan kjöl á ný. Reynslan hefur sýnt, að þrátt fyrir áföll í

efnahagsmálum og margvísleg mistök í aðdraganda bankahrunsins hefur samfélaginu tekist að laga sig hratt að breyttum aðstæðum. Í þessu felst styrkur okkar smáa samfélagsi. Hvað sem líður gagnrýnisorðum um annað höfum við Íslendingar sýnt að við getum staðið saman þegar á bjátar og unnið okkur út úr vandræðum.

Góðir fundarmenn, ágætu félagar.

Það skiptir okkur öllu að endurreisn atvinnulífsins takist fljótt og örugglega svo vinna megi bug á því atvinnuleysi sem við nú stöndum frammi fyrir. Til þess þurfum við að nýta alla möguleika til atvinnuuppbyggingar. Það gengur ekki að stjórnvöld leggi stein í götu þeirrar fjárfestinga sem okkur standa til boða.

Íslenskur sjávarútvegur mun skipta sköpum í efnahagslegri viðreisn þjóðarinnar. Því er nauðsynlegt að hverfa án tafar frá upptökuleiðinni. Raunsæi og heilbrigð skynsemi verður að ráða för.

Að lokum vil ég þakka meðstjórnarmönnum mínum fyrir ánægjulegt samstarf og starfsfólki LÍÚ fyrir vel unnin störf. Að svo mæltu segir ég 70. aðalfund LÍÚ settan.